

Almenni lífeyrissjóðurinn

Samrunaefnahagsreikningur

Almenni lífeyrissjóðurinn
Kirkjusandi 2
155 Reykjavík

Kt. 450290-2549

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .	3	Samrunaefnahagsreikningur 1. janúar 2003	5
Áritun endurskoðenda	4	Skýringar	6

hfa/sp

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Almenni lífeyrissjóðurinn varð til við sameiningu Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga (LAT) og ALVÍB 1. janúar 2003. Sjóðurinn er öllum opin en hann er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, tæknifræðinga, tónlistarmanna og leiðsögumanna.

Almenni lífeyrissjóðurinn er traustur lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið í hvaða sjóð þeir greiða lágmarksiðgjald og einnig þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í lífeyrissjóð til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Styrkur sameinaðs lífeyrissjóðs felst í stærð og áhættudreifingu. Sérstaða sjóðsins er sveigjanleiki en sjóðfélagar geta valið ávöxtunarleið eftir þörfum hvers og eins, valið um tvær leiðir til að tryggja lágmarkslífeyri og úttektartími lífeyris er sveigjanlegur.

Heildareignir Almenna lífeyrissjóðsins 1. janúar 2003 eru 19,5 milljarðar króna og skiptast þær þannig að 16,3 milljarðar eru í séreignarsjóði og 3,2 milljarðar í samtryggingarsjóði. Fjöldi skráðra sjóðfélaga er 18.311.

Við sameiningu ALVÍB og LAT voru tryggingafræðilegar forsendur ALVÍB og LAT metnar m.v. sömu forsendur en við það hækkuðu réttindi arkitekta og tæknifræðinga um 12,6% vegna ólíks kynjahlutfalls sjóðanna. Við sameininguna var skipt um iðgjaldatöflur og gefa nýju réttindatöflurnar heldur meiri réttindi en þær gömlu þótt ekki muni miklu. Tryggingafræðileg staða samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins er í jafnvægi en samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt eru eignir 1,8% umfram heildarskuldbindingar.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar valið á milli fjögurra verðbréfasafna, Ævisafna I, II, III og IV, með mismunandi eignasamsetningu og áhættu. Sjóðfélagar geta valið sér safn ýmist eftir því hversu mikla áhættu þeir vilja taka eða eftir aldri. Þeir geta einnig valið Ævileiðina en þá flyst inneign þeirra milli Ævisafnanna með það fyrir augum að minnka áhættuna eftir því sem nær dregur starfslokum.

Sjóðfélagar sem greitt hafa 150 þúsund kr. í sjóðinn geta sótt um allt að 7 milljón króna lán til 25 ára með vöxtum sem taka mið af lægstu vöxtum sem Seðlabankinn auglýsir að viðbættu vaxtaálagi eða afslætti sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni. Vextir í mars 2003 eru 6,2%. Lánin eru veitt gegn fasteignaveði og má veðsetning ekki vera meiri en 55% af markaðsverði íbúðarhúsnæðis eða 35% af markaðsverði atvinnuhúsnæðis.

Íslandsbanki hf. - Eignastýring, annast rekstur Almenna lífeyrissjóðsins samkvæmt sérstöku samkomulagi og greiðir sjóðurinn þóknun sem nemur 0,20% af meðalinnstæðum sjóðfélaga. Sjóðurinn greiðir sérstaklega fyrir eignastýringu og er þóknun mismunandi eftir tegundum verðbréfa.

Reykjavík, 19. mars 2003.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum.

Við höfum endurskoðað samrunaefnahagsreikning Almenna lífeyrissjóðsins hinn 1. janúar 2003, ásamt skýringum. Efnahagsreikningurinn er byggður á ársreikningum Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga og ALVÍB fyrir árið 2002, sem við höfum endurskoðað og áritað án fyrirvara. Samrunaefnahagsreikningurinn er lagður fram af stjórn Almenna lífeyrissjóðsins. Ábygð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á stofnefnahagsreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Það er álit okkar að samrunaefnahagsreikningurinn sé gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefi glögga mynd af efnahag Almenna lífeyrissjóðsins hinn 1. janúar 2003.

Reykjavík, 19. mars 2003.

KPMG Endurskoðun hf.

Deloitte & Touche hf.

Samrunaefnahagsreikningur 1. janúar 2003

	Skýr.	Almenni lífeyris- sjóðurinn	ALVÍB	LAT
Fjárfestingar:				
Verðbréf með breytilegum tekjum		16.172.427	10.987.389	5.185.038
Verðbréf með föstum tekjum		1.613.915	968.898	645.017
Veðskuldabréf		1.353.117	489.692	863.425
Bundnar bankainnstæður		149.818	149.818	0
	4-8	19.289.277	12.595.797	6.693.480
Kröfur:				
Ýmsar kröfur	9	7.569	4.474	3.095
Aðrar eignir:				
Sjóður og veltiinnlán		201.506	128.241	73.265
Eignir samtals		19.498.352	12.728.512	6.769.840
Skuldir:				
Ýmsar skuldir		14.008	13.177	831
Hrein eign til greiðslu lífeyris		19.484.344	12.715.335	6.769.009
Greining á hreinni eign deilda:				
Séreignarsjóður		16.281.305	10.952.371	5.328.934
Samtryggingarsjóður	11	3.203.039	1.762.964	1.440.075
Samtals		19.484.344	12.715.335	6.769.009

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Samrunaefnahagsreikningur Almenna lífeyrissjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Reikningurinn er byggður á ársreikningum almenna lífeyrissjóðs VÍB og lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2002.

Skiptasamningar

3. Sjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga og er tilgangur þeirra að draga úr gengisáhættu sjóðsins. Samningarnir eru gerðir upp á markaðsverði. Höfuðstólar samninganna eru ekki færðir í efnahagsreikning, en afkoma þeirra er færð í efnahagsreikning. Samningarnir eru við lánastofnanir og eru færðir með ýmsum kröfum eða ýmsum skuldum eftir því hvort staða þeirra er jákvæð eða neikvæð.

Verðbréfaeign

4. Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum og lausafé.

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð bréf á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup.

Fjárfestingar

5. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Almenni lífeyris-sjóðurinn	ALVÍB	LAT
Innlend hlutabréf:			
Skráð bréf	5.088	3.122	1.966
Óskráð bréf	18.217	10.942	7.275
	<u>23.305</u>	<u>14.064</u>	<u>9.241</u>
Erlend hlutabréf:			
Skráð bréf	364	177	187

Skýringar, frh.:

5.	Frh.:	Almenni lífeyris-sjóðurinn	ALVÍB	LAT
	Hlutdeildarskírteini:			
	Innlendir verðbréfasjóðir:			
	Sjóðir með ríkistryggðum skuldabréfum	3.017.886	2.143.120	874.766
	Sjóðir með hlutabréfum	2.061.497	1.763.492	209þöð5
	Sjóðir með markaðsskuldabréfum	7.098.240	4.479.645	2.618.595
		<u>12.177.623</u>	<u>8.386.257</u>	<u>3.791.366</u>
	Erlendir verðbréfasjóðir:			
	Sjóðir með hlutabréfum	3.971.135	2.586.891	1.384.244
	Bókfært verð samtals	<u>16.172.427</u>	<u>10.987.389</u>	<u>5.185.038</u>
6.	Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:			
	Skuldabréf með ríkisábyrgð	193.218	83.468	109.750
	Bankabréf	814.632	601.736	212.896
	Önnur skuldabréf	606.065	283.694	322.371
	Samtals	<u>1.613.915</u>	<u>968.898</u>	<u>645.017</u>
7.	Veðlán greinast þannig:			
	Lán til sjóðfélaga	1.121.754	270.518	851.236
	Önnur veðskuldabréf	231.363	219.174	12.189
	Samtals	<u>1.353.117</u>	<u>489.692</u>	<u>863.425</u>
8.	Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:			
	Í íslenskum krónum:			
	Verðbréf með breytilegum tekjum	11.292.066	7.797.795	3.494.271
	Verðbréf með föstum tekjum	1.491.227	878.271	612.956
	Veðskuldabréf	1.353.117	489.692	863.425
	Bundnar bankainnstæður	149.818	149.818	0
		<u>14.286.228</u>	<u>9.315.576</u>	<u>4.970.652</u>
	Í erlendum gjaldmiðlum:			
	Verðbréf með breytilegum tekjum	4.880.361	3.189.594	1.690.767
	Verðbréf með föstum tekjum	122.688	90.627	32.061
		<u>5.003.049</u>	<u>3.280.221</u>	<u>1.722.828</u>
	Fjárfestingar samtals	<u>19.289.277</u>	<u>12.595.797</u>	<u>6.693.480</u>

Kröfur

9.	Ýmsar kröfur greinast þannig:			
	Áfallnar tekjur vegna framvirkra samninga	3.926	2.883	1.043
	Aðrar kröfur	3.643	1.591	2.052
	Samtals	<u>7.569</u>	<u>4.474</u>	<u>3.095</u>

Skýringar, frh.:

10. Framvirkir gjaldmiðlaskiptasamningar greinast þannig:

	Almennir lífeyris- sjóðurinn	ALVÍB	LAT
Eignir í íslenskum krónum	126.550	93.132	33.418
Skuldir í erlendra mynt	122.624	90.249	32.375

Skuldbindingar

11. Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur áfallin lífeyrisskuldbinding Samtryggingarsjóðsins 3.522 millj. kr. í árslok 2002 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign sjóðsins í árslok 2002 er 3.916 millj. kr. eða 389 millj. kr. lægri. Lífeyrisskuldbinding Samtryggingarsjóðsins í árslok 2002 greinist þannig:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	3.203.039	0	3.203.039
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti	313.442	0	313.442
Fjárfestingarkostnaður	(59.063)	0	(59.063)
Viðbót vegna iðgjalda	64.923	0	64.923
Núvirði framtíðariðgjalda	0	14.206.691	14.206.691
Eignir samtals	<u>3.522.341</u>	<u>14.206.691</u>	<u>17.729.032</u>
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	2.908.578	9.966.778	12.875.355
Örorkulífeyrir	765.579	2.395.911	3.161.490
Makalífeyrir	220.406	818.232	1.038.638
Barnalífeyrir	2.929	211.272	214.202
Rekstrarkostnaður	14.023	109.982	124.005
Skuldbindingar samtals	<u>3.911.515</u>	<u>13.502.175</u>	<u>17.413.690</u>
Eignir umfram skuldbindingar	(389.174)	704.515	315.341
Í hlutfalli af skuldbindingum	(9,9%)	5,2%	1,8%